



2020-2021

Læsisstefna Álfhólsskóla



Endurskoðuð læssistefna Álfhólsskóla 2020-2021

Lestrarteymi árið 2020-2021:

Daðey Arnborg Sigþórsdóttir

Guðrún Ósk Traustadóttir

Ingibjörg Jóhannesdóttir

Ragnheiður Eggertsdóttir

Þórunn Eiríksdóttir

Sigrún Bjarnadóttir

Sigrún Erla Ólafsdóttir

Þóra Kristín Hauksdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	6
Starfsþróun læsiskennara.....	7
Ábyrgð og hlutverk	8
Foreldrar.....	8
Nemendur	8
Skólinn	9
Lestrarkennslan	9
Kennsluaðferðir	10
Hljóðaaðferðin.....	10
Orðaaðferðin	10
LTG- aðferðin	11
Hugtakaort.....	11
Samlestur.....	11
Raddlestur	11
Skiptilestur (PALS lestur)	11
Víxllestur.....	11
Skráning, skeiðklukka og skýrslugerð	11
Endurtekinn lestur.....	12
Framsögn.....	12
Gagnvirkur lestur	12
Lestarþjálfun.....	12
Fræðslufundir fyrir foreldra.....	13

Aðferðir við lestrarþjálfun	13
Heimalestur	13
Eftirfylgni við heimalestur	14
Lestrarsprettir.....	14
Lestrarviðurkenningar	14
Að læra að lesa og foreldrasamstarf	14
Fyrirkomulag lestrarstuðnings.....	14
Lesfimi	15
Lesskilningur	15
Lestrarlag.....	15
Skrift og ritun.....	16
Ritunar- og skriftarkennsla	16
Skrift	16
Stafastuð.....	16
Skapandi skrif	16
Skimanir og próf	16
Yfirlit yfir próf og skimanir.....	17
Mat á lestri – lesferill.....	17
Orðarún – lesskilningsmat.....	17
Logos – lesgreining	17
Upplýsingar og endurgjöf	17
Samræmd könnunarpróf.....	17
Íslenska sem annað mál	17

Námfús börn.....	19
Íhlutun	19
Skimunarpróf og viðbragðsáætlanir árganga	20
Lestrarmenning	30
Þættir í lestrarmenningu Álfhólsskóla	30
Að læra að lesa	30
Yndislestur	30
Nestislestur	30
Lestrarvinir.....	30
Sumarlestur	30
Stóra upplestrarkeppnin.....	31
Heimildaskrá.....	32
Viðauki 1: Viðbrögð vegna niðurstaðna lesfimiþrófa.....	33
Viðauki 2: Matslisti fyrir skrift	40
Viðauki 3: Lesfimiviðmið Menntamálastofnunnar	43
Tafla 1. Maí-viðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.	43
Viðauki 4: Matsrammi fyrir lestrarlag	44

Inngangur

Grunnskólar landsins eru bundnir af ákvæðum aðalnámskrár Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og ekki ástæða til að endurtaka áherslur og viðfangsefni hennar hér. Læsisstefna Álfhólsskóla lýsir þeim aðgerðum sem ætlað er að vinna eftir og þeim sem unnið hefur verið að s.l. tvö ár. Hér má því fyrst og fremst finna hagnýta aðgerðaáætlun og handbók fyrir kennara sem þeir geta stuðst við er þeir skipuleggja kennslu fyrir komandi skólaár í því augnamiði að gera læsiskennsluna betri og skilvirkari. Mikilvægt er að foreldrar séu vel upplýstir og því getur handbókin nýst sem upplýsingahefti ásamt því að vera stuðningur við foreldra í læsinnámi barna þeirra. Lestrarhæfni nær til allra nemenda og er mikilvægt samfélagslegt verkefni.

Tilgangur þess að efla læsi er að nemendur geti lesið sér til gagns og ánægju við lok grunnskólanáms. Þeir verði virkir og skapandi málnotendur og fái stuðning til þess á skólagöngu sinni allt frá leikskóla til loka grunnskóla.

Ein meginstoð læsisstefnunnar er snemmtæk íhlutun en með því að aðstoða og efla nemendur á fyrstu stigum læsinnáms er hægt að koma í veg fyrir eða draga úr miklum námserfiðleikum og neikvæðri upplifun af skólagöngu seinna meir. Frávik í lestri geta haft afgerandi áhrif á hegðun, líðan og námsframvindu nemenda. Því er mikilvægt að veita þeim sem standa höllum fæti sérstakan stuðning í lestri. Í læsisstefnu Álfhólsskóla eru sett viðmið um hvenær og hvernig grípa þurfi inn í og veita viðeigandi aðstoð og leiðsögn. Slíkt felur í sér að margvísleg ábyrgð er lögð á allt skólasamfélagið, starfsfólk skóla, foreldra og sveitarfélagið, að stutt sé við nemendur þannig að markmið megi nást í lestri.

Það er rétt að benda á að allir kennarar Álfhólsskóla bera ábyrgð á læsinnámi nemenda. Læsi er vítt hugtak og varðar ekki aðeins móðurmálskennslu heldur einnig að nemendur læri ný hugtök og öðlist ríkari orðaforða í öllum námsgreinum. Mikilvægt er að nemendur fái ítarleg kynni af fjölbreyttum möguleikum íslenskunnar í öllum námsgreinum með viðeigandi kennslu og að þeim gefist margvísleg tækifæri til að undirbúa og bæta lestrarhæfni sína í margs konar tjáningu.

Meginmarkmið með markvissri stefnu í eflingu læsis er að kennslan sé markviss og skýr jafnt nemendum sem foreldrum. Góð lestrarfærni er undirstaða fyrir allt nám og því er mikilvægt að vel sé staðið að eftirfylgni við hana alla skólagönguna. Mikilvægt er að skólinn og heimilin taki höndum saman um að svo verði og tekið verði mið af stöðu nemandans hverju sinni. Heimalestur er mikilvægur í þessu samhengi og þarf hann að eiga sér stað alla skólagönguna, frá 1.-10. bekk a.m.k. fimm daga vikunnar.

Einn þáttur í þessari markvissu stefnu er að unnin hafa verið námsmarkmið í lestri fyrir alla árganga þar sem kemur fram til hvers er ætlast í lestrarferlinu hjá hverjum og einum nemenda. Þar kemur einnig fram hver hraðamarkmiðin eru jafnt í raddlestri sem og hljóðlestri.

Það er ekki sjálfgefið að nemendur hafi góðan skilning á texta þó þeir lesi hratt og mikið. Góður lesskilningur þróast ekki af sjálfu sér, hann þarf að kenna og brýnt er að kennarar átti sig á að ein forsenda þess að nemendur verði læsir er markviss vinna með lesskilning. Það er mikilvægt að byrja strax að kenna fjölbreyttar lesskilningsaðferðir sem efla jafnt orðaforða, málskilning, ályktunarhæfni, nýtingu bakgrunnsþekkingar, námsvitund og allar þær aðferðir sem efla lesskilning frá upphafi skólagöngunnar.

Starfsþróun læsiskennara

Í grunnskólalögum (nr. 91, 2008) og aðalnámskrá (2011) er að finna kröfur um að starfsfólk ígrundi starf sitt reglulega, afli sér nýrrar þekkingar og sýni stöðuga viðleitni til að læra og gera betur. Ein skilvirkasta leiðin til þess að gefa starfsfólki færi á þessu er að þróa lærdómssamfélag í skólum. Lærdómssamfélag byggir á því að meðlimir læra hver af öðrum og með hver öðrum í viðleitni sinni til að ná sífellt betri árangri í samræmi við breyttar áherslur hverju sinni. Styrking lærdómssamfélagsins er árangursrík leið í starfsþróun kennara sem styrkir jafnframt forsendur skólans til stöðugra umbóta og aukins árangurs (Harris og Jones, 2010).

Í vinnuramma allra kennara í Álfhólsskóla er áætlaður tími til starfsþróunar. Kennarar eru hvattir til þess að nýta þennan tíma til að læra og vinna saman t.d. með leshópum, örnámskeiðum, samræðuaðferðum, jafningjafraeðslu og annað.

Til þess að mæta áherslum í læsisstefnu er brýnt að kennarar þekki vel þróun lestur og hafi faglega þekkingu til að geta gripið inn í lestrarferlið ef nemandi er í hættu á að lenda í erfiðleikum með lestrarnám sitt. Það getur skipt sköpum að grípa inn í með snemmtækri íhlutun og má með því móti jafnvel koma í veg fyrir alvarlegra lestrarerfiðleika síðar meir (Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir, Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010). Afar mikilvægt er að kennarar sem sinna lestrarkennslu séu vel að sér hvað varðar forspárgildi skimunarprófa og meðvitaðir um mikilvægi snemmtæktrar íhlutunar, þeir hafi færni og þekkingu til að nýta sér fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir og geti einstaklingsmiðað aðferðir sínar svo unnið sé með þá þætti hjá hverjum og einum þar sem þörfin er mest (Walpole og McKenna, 2007).

Einn veigamesti hluti starfsþróunar í Álfhólsskóla er að kennarar fái að sitja námskeið og öðlast frekari færni og þekkingu á sviði læsis, lestrar og snemmtæktrar íhlutunar, enda eru ekki allir kennarar með þessa færni í farteskinu. Öflugir lestrarkennarar með víðtæka þekkingu og færni í lestrarkennsluaðferðum hljómar jafnframt saman við læsisstefnu Kópavogs, sem byggir á þjóðarsáttmála um læsi, þar sem lögð er áhersla á að hvetja kennara til að prófa sig áfram með mismunandi kennsluaðferðir og nýjungar í starfi, kennarar noti fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir í lestri og lestrarkennsla og lestarþjálfun sé markviss í 1.-10.bekk (Stefna Kópavogsbæjar um mál og lestur í leik- og grunnskólum, 2016). Álfhólsskóli hlaut styrk frá endurmenntunarsjóði haustið 2019 til þess að bregðast við endurmenntunarpörf kennara í lestrarkennsluaðferðum og leiðum til íhlutunar.

Vorið 2019 fór Álfhólsskóli af stað með þróunarverkefni um lestur og lestrarkennsluaðferðir í samvinnu við ráðgjafa frá MMS. Liður í því verkefni er að bjóða upp á faglega fundi læsiskennara með ráðgjöfunum um lestrarkennsluaðferðir og verkfæri einu sinni til tvisvar í mánuði. Þá er kennurum einnig boðið upp á námskeið um lestrarkennsluaðferðir og verkfæri, t.d. PALS og K-PALS lestur, skólaheimsóknir o.fl. Læsisstefna þessi hefur verið endurskoðuð í samvinnu við MMS og aukin áhersla lögð á eftirfylgni við lesfímipróf og skimanir. Þá er einnig lagt upp með að bjóða foreldrum í 1.-2.bekk upp á fræðslu á haustmánuðum um lestur og lestrarkennslu.

Ábyrgð og hlutverk

Foreldrar

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig ásamt börnum sínum ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla.

Það er á ábyrgð foreldra að:

- Barnið fái nægan svefn.
- Barnið fái góða næringu.
- Sýna barninu umhyggju og hlýju.
- Fylgjast með námsframvindu.
- Lesa fyrir barnið.
- Lesa með barninu.
- Þjálfra lestur með heimalestri.
- Hvetja barnið til frásagnar.
- Ræða og útskýra lesefnið.
- Lesa fjölbreytt efni í mismunandi miðlum við ýmis tækifæri.
- Gera lestrarstundina jákvæða og skemmtilega.
- Hlusta á barnið og setja orð á alla hluti.
- Kenna barninu að nota málið á fjölbreyttan hátt með umræðum, söng, rími, vísum og þulum.
- Nota fjölbreyttan orðaforða og nota málið í mismunandi samhengi.

Nemendur

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi, háttsemi og samskiptum við samnemendur og starfsfólk.

Það er ábyrgð nemenda að:

- Velja sér lestrarbækur með aðstoð.
- Þjálfra lestur.
- Eiga samstarf við foreldra um námsframvindu, líðan og hegðun nemenda.
- Upplýsa foreldra um stöðu.

Skólinn

Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar.

Það er á ábyrgð kennara og skóla að:

- Skapa nemendum sem bestar aðstæður til að læra og ná tökum á lestri og ritun.
- Afla sér þekkingar á því hvað lestur er og því ferli liggur að baki góðrar lestrarfærni.
- Sinna eftirfylgni við lesskimanir og lesfímipróf.
- Kenna nemendum orð, hugtök og aðferðir í lestri sem gagnast við að skilja lesinn texta.
- Efla hljóðkerfisvitund, orðaforða og hugtakaskilning nemenda.

Lestrarkennslan

Margar ólíkar kennsluaðferðir eru notaðar til kennslu í lestri í Álfhólsskóla. Meginkennsluaðferðin er hljóðaaðferðin en hún hentar ákaflega vel til að kenna umskráningu sem er tæknileg hlið lestrar. Lesskilningskennslan hefur hægt og rólega eflst eftir því sem þekking kennara á lesskilningi og lesskilningsaðferðum hefur aukist og smám saman hefur móðurmálskennslan þróast í átt að heildstæðri kennslu með góðan málskilning að leiðarljósi.

Nemendur í 1. bekk búa yfir lestrarþekkingu frá því í leikskóla og leitast er við að byggja ofan á þá þekkingu sem nemandinn kemur með í farteskinu með því að fá honum strax verkefni við hæfi. Þörf fyrir íhlutun getur verið mismikil á milli ára en notaðar eru fjölbreyttar leiðir til að koma til móts við þarfir nemenda sem eru lengur að ná tökum á lestri en meðalnemandi. Fylgst er vel með framvindu lestrarnáms allra nemenda á öllum stigum og er markmiðið að hjálpa hverjum og einum til að ná eins góðum árangri og hægt er út frá forsendum hverju sinni.

Kennsluaðferðir



Hljóðaaðferðin

Kenndir eru bókstafirnir í íslenska stafrófinu, hljóð þeirra og tákni. Þegar nemendur hafa heyrt hljóð og séð tákni byrja þeir strax að móta og skrifa bókstafinn þannig að samhæfing hugar og handar æfist jöfnum höndum og smám saman eykst færni til að mynda með þessum táknum mælt mál sem felur í sér merkingu, orð og setningar.

Orðaaðferðin

Unnið er með algeng orð í íslensku, þau fest í minni og þannig haldið áfram yfir í orð og orðasambönd sem mynda setningar, hér er einnig lögð áhersla á að skrifa orðin. Að skrifa orð er ein leið til að læra að festa þau í minni og lesa með skilningi.

LTG- aðferðin

Unnið er út frá talmáli og sköpunarhæfileikum nemandans. Hér eru skapandi skrif virk, fjallað er um skapandi skrif aftar í ritinu. Kveikjan að sögu getur verið hvað sem er, einn bókstafur eða orð sem rætt er um, mynd eða upplifun nemendahópsins á einhverjum atburði innan og/eða utan skólans. Unnið er með söguna á marga vegu og gefst nemendum tækifæri á að efla sköpun sína og uppgötva tengsl milli talaðs máls og ritaðs.

Hugtakakort

Í gegnum hugtakakortagerð læra nemendur að nota myndræna framsetningu til þess að skapa tengsl við skrifað orð. Lagður er grunnur að því hvernig nemendur geti á auðveldan hátt komið skipulagi á hugsanir sínar, náð yfirsýn yfir efni, og undirbúið ritun eða sögugerð. Hér eru skapandi skrif góð leið.

Samlestur

Valin er saga eða ljóð og unnið með ákveðna bókstafi, lykillhugtök, orð eða orðmyndir. Þannig er hægt að auka orðaforða og lesskilning. Hægt er að gera hugtakakort jafnhliða.

Raddlestur

Kennara- eða foreldrastuddur raddlestur er mikilvæg aðferð til þess að ná góðum leshraða. Barn sem á að lesa reiprennandi þarf fyrst að heyra hvernig texti er lesinn lipurt. Því er mikilvægt að textinn sé fyrst lesinn upphátt fyrir nemandann, þannig heyrir nemandinn hvernig framsögn og áherslur eiga að vera. Texta, sem nota á við lestarþjálfun, þarf að velja út frá færni nemandans í lestri. Það er mjög mikilvægt að textinn sé ekki of þungur. Í upphafi ætti nemandinn að þekkja 90% af orðunum í textanum sem orðmyndir. Hin orðin mega ekki vera svo erfið að nemandinn geti ekki umskráð þau með hljóðaaðferðinni og stuðst við samhengi í texta. Nemendur þurfa aðstoð með þau orð í textanum sem ekki eru hljóðrétt. Vekja þarf sérstaka athygli á þeim orðum og kenna nemandanum þannig að hann geti tileinkað sér þau sem orðmyndir. Einnig þarf að þjálfra sérstaklega orð með tvöföldum samhljóða (hopp-og teygjuorð).

Skiptilestur (PALS lestur)

Skiptilestur hefur reynst áhrifarík leið til að auka leshraða. Tveir lesa þá saman. Sá sem ekki les er „kennarinn“ sem fylgist með og skráir villurnar sem lesarinn gerir. Með því að hljóðrita lesturinn gefst lesaranum kostur á að hlusta á sjálfan sig og gagnrýna frammistöðu sína.

Víxllestur

Í víxllestri eru bæði foreldri og nemandi þátttakendur í lestrinum. Báðir eru með sama textann sem er valinn með tilliti til þess hver staða nemandans er í lestri. Foreldri og barn lesa til skiptis og á meðan fylgir hinn aðilinn textanum í hljóði.

Skráning, skeiðklukka og skýrslugerð

Það hefur reynst vel að nota hluta æfingatímans til að lesa tiltekinn texta og taka tímann með skeiðklukku. Flestum hæglæsum nemendum finnst hvetjandi þegar leshraðinn er mældur og skráður. Þeir fá þá sjálfir að fylgjast með hversu mörg orð þeir lásu rétt og hve langan tíma það tók að lesa textann. Önnur aðferð í skiptilestri er að kennarinn eða foreldrið fylgist með lestri nemandans og um leið og nemandinn hikar eða les rangt orð grípur sá fullorðni inn í og segir

orðið og kemur lesaranum aftur á rétta leið. Enn ein aðferð er bergmálslestur og þá er það kennarinn eða foreldrið sem les „í eyra“ nemandans. Nemandinn les upphátt jafnóðum og veitir þessi aðferð nemandanum öryggi við lestur langra og erfiðra orða.

Endurtekinn lestur

Almennt nýtist það vel til að auka leshraðann að lesa sama textann endurtekið. Sumum nemendum finnst þó slíkur lestur leiðinlegur og óspennandi. Þeir þekkja efnið og lesturinn veitir þeim ekki nýjar upplýsingar. Hægt er að forðast þetta með því að gera lítilsháttar breytingar á textanum svo nemandinn geti ekki reitt sig á skammtímaminnið. Taka verður tillit til þessa við val á texta, t.d. með því að velja bækur með mörgum endurtekningum. Hér á landi er ekki mikið til af efni sem byggir á þessari aðferð. Annað ráð til að endurtekinn lestur verði ekki leiðigjarn er að lesa með breyttri röddu, t.d. reiðilega, hvíslandi eða hlæjandi. Einnig er hægt að nota keppnisaðferðina framangreindu með skeiðklukku og skráningu við þjálfunina þar sem tíminn er tekinn í fyrra skiptið sem lesið er og nemandinn reynir að bæta tímann í seinna skiptið. Mikilvægt er að velja texta af natni, rétt þyngdarstig, umfang og innihald texta. Nemendur sem eiga í lestrarerfiðleikum gefast fljótt upp ef textinn er of erfiður. Þá er betra að byrja með of léttu lestexta.

Framsögn

Þegar nemandinn hefur náð nokkrum tókum á lestri er tímabært að bæta við færni og huga að framsagnarþættinum. Góð framsögn veitir nemandanum öryggi og stuðlar að bættum lesskilningi auk þess að vera stór þáttur í miðlun texta.

Gagnvirkur lestur

Í gagnvirkum lestri er lögð áhersla á lestrarlag sem beinir huga lesandans að efninu og sjálfum sér, fær hann til að tengja efnið fyrri þekkingu sinni og beita ályktunarfærni sinni, lesa milli línanna, gæta vel að því sem er óljóst og spyrja sig spurninga um efnið og eigin skilning. Margar annsóknir benda til þess að gagnvirkur lestur auki skilning nemenda á les- og námsefni (Brown og Palincsar, 1985; Galloway, 2003; Hattie, 2009M NRP, 2000; Rosenshine og Meister, 1994).

Gagnvirkur lestur felur í sér ákveðið ferli þar sem nemendur byrja á að lesa texta og draga saman aðlaatriðin úr honum. Því næst spyrja þeir sig spurninga um inntak textans og eigin skilning. Þeir leita skýringa á því sem er óljóst í textanum, efni eða orðum eftir því sem við á og spá fyrri rum framhaldið. Stundum getur átt við að leggja áherslu á alla þætti aðferðarinnar og stundum fáa.

Lestarþjálfun

Án lestrarþjálfunar verður enginn læs. Lestarþjálfun tekur á sig ólíkar myndir eftir því hvar í læsinnámi nemandi er staddur, allt eftir því hvað er verið að þjálfu hverju sinni. Foreldrum á að vera ljóst frá fyrstu stundu hversu mikilvæg eftirfylgni þeirra er við lestrarþjálfun barna sinna en án hvatningar og aðkomu foreldra verða nemendur seint læsir. Heimalestur er afar mikilvægur í þjálfunarferlinu. Markmið með heimalestri er að nemendur auki leshraða sinn og bæti orðaforða og málskilning. Þegar barn les heima er mikilvægt að það hafi næði þegar það æfir sig. Einnig er lögð áhersla á að foreldrar lesi með börnum sínum og þannig myndast betri skilningur á því hvar barnið er stadd í lestrarferlinu. Vixllestur hefur verið hér í sérstöku lestrarátaki á milli heimilis og skóla. Vixllestur er mjög

skilvirkt átak til að þjálfa nemendur jafnt í skilningi sem og færni og gefur góða sýn fyrir foreldra á því hvar barnið er stadd í lestri og skilningi. Ef foreldrar telja texta heimalesturs of þungan eða léttan er mikilvægt að þeir láti kennara vita til að hægt sé að bæta úr því.

Fræðslufundir fyrir foreldra

Í Álfhólsskóla er foreldrum nemenda í 1. og 3.bekk boðaðir á fræðslufund um lestur og læsi. Á báðum fundum er farið yfir mikilvægi öflugs samstarfs heimilis og skóla við lestrarnám barna, nokkrar góðar leiðir til að efla lestrarkunnáttu barna, mikilvæg hugtök og snemmtæka íhlutun. Á fundinum fyrir foreldra 1.bekk er farið yfir lestrarstefnu skólans, hvernig foreldrar geta stutt vel við lestrarnám barna sinna og góð ráð við heimalestrarþjálfun. Á fundinum fyrir foreldra nemenda í 3.bekk er fjallað um gagnvirkan lestur, mikilvægi heimalestrarþjálfunar, ólíka lestrarerfiðleika og möguleg úrræði.

Aðferðir við lestrarþjálfun

Heimalestur

Nemendur í 1.-7.bekk í Álfhólsskóla lesa heima upphátt fimm sinnum í viku, 15 mínútur í senn. Foreldrar kvitta fyrir heimalestur í kvittanahefti. Nemendur á yngri stigum þurfa reglulega endurgjöf og hvatningu (límmiða eða stimpla). Áriðandi er að fylgja eftir lestrarþjálfun og gefa þeim nemendum sem á þurfa að halda tækifæri til að þjálfa lesturinn í skólanum. Þetta á við yngri og eldri nemendur. Á unglíngastigi lesa nemendur heima fimm sinnum í viku og skila a.m.k. þremur lestrarmyndböndum á viku.

Mikilvægt er að börn og unglíngar haldi áfram að lesa eftir að lágmarksfærni er náð og er það í raun forsenda þess að þau ráði við sífellt erfiðara lesefni og flóknari orðaforða. Gott er að ræða saman um textann til að ganga úr skugga um að nemandinn skilji lesefnið. Afar áriðandi er að gera lestrarstundina að jákvæðri upplifun og leiðrétta börn af nærgætni.

Góð ráð við lestrarþjálfun

- Sýnið lestrinum áhuga og hrósið þegar við á.
- Lestarstundin á að vera jákvæð upplifun.
- Leiðréttið af nærgætni.
- Ef barnið les orð rangt, bentu á viðkomandi orð og lestu það rétt svo barnið heyri réttan framburð orðsins. Ekki láta barnið tafsa lengi á erfiðu orði. Láttu barnið lesa rangt lesna orðið aftur og lesa aftur alla setninguna.
- Takið hlé ef barnið þreytist.
- Gott er að skiptast á ef textinn reynist erfiður.
- Leggið áherslu á að barnið læri hljóð bókstafanna.
- Hjálpið barninu að tengja saman hljóð svo úr verði orð. Ritun er öflug leið til að þjálfa næmi fyrir tengslum bókstafa og hljóða og örva hljóðkerfisvitund.

- Hvetjið barnið til að lesa í fríum.
- Gætið þess að þyngd textans hæfi lestrargetu barnsins.
- Spjallið um innihald textans, orð, hugtök og orðasambönd.

Eftirfylgni við heimalestur

Í skóla þarf að vera góð eftirfylgni við heimalestur nemenda. Heimili og skóli geta gert samkomulag um stuðning við heimalestur í sérstökum tilfellum ef þörf krefur. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að koma á slíku samkomulagi í samvinnu við heimilin og deildarstjóra.

Ef ítrekaður misbrestur er á iðkun og/eða skráningu heimalesturs, kvittanir eða lestrarmyndbönd, er ferlið eftirfarandi:

1. Kennari skráir meldingu á Mentor þess efnis að heimalestri hafi ekki verið sinnt.
2. Ef heimalestur er ábótavant tvær vikur í röð sendir kennari tölvupóst til foreldra/forráðamanna.
3. Ef litlar breytingar verða á tveimur vikum til viðbótar hringir kennari heim.
4. Ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur eru foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund með kennara og stjórnanda.
5. Beri sá fundur ekki árangur er málinu vísað til nemendaverndarráðs.

Lestrarsprettir

Lestrarsprettir eru fastir liðir í skólastarfinu og eru reglulega á hverju skólaári. Áhersla er lögð á persónulegan ávinning nemenda af þátttöku í lestrarspretti í stað keppni.

Lestrarviðurkenningar

Nemendum eru veittar viðurkenningar fyrir áfanga í lestrarnámi. Áfangarnir nást þegar nemandi getur lesið ákveðin orð á mínútu.

Að læra að lesa og foreldrasamstarf

Álfhólsskóli býður foreldrum barna í 1. bekk upp á námskeiðið „Að læra að lesa“. Tilgangur námskeiðsins er að gera foreldrum grein fyrir hlutverki þeirra í læsinnámi barna sinna. Á námskeiðinu er farið yfir forsendur sem nemendur þurfa að hafa til að takast á við læsinnám (s.s. góðan málskilning og hljóðkerfisvitund), hagnýt atriði við þjálfun, vísbendingar um lestrarerfiðleika og væntingar skólans til foreldrasamstarfsins. Skólinn leggur ríka áherslu á að allir foreldrar barna í 1. bekk mæti á námskeiðið.

Fyrirkomulag lestrarstuðnings

Nemendum sem eiga í erfiðleikum með lestrarnám gengur oft illa að tileinka sér lestrarferlið. Sumir eiga í tímabundnum erfiðleikum en aðrir til langframa. Hér er mikilvægt að bregðast skjótt við og vinna markvisst með þá þætti sem hamla lestrarnáminu. Oft koma þessir erfiðleikar ekki skýrt fram fyrr en eftir fyrstu tvö árin því er mikilvægt að hafa markvissar athuganir með jöfnu millibili.

Lesfimi

Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjanda í lestri. Fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings. Lesfimi felur í sér sjálfvirkan orðmyndalestur og framsögn. Báðir þættir eru jafn mikilvægir fyrir eitt af helstu markmiðum lestrar sem er lesskilningur. Ef annar hvor þáttanna er ekki nægilega góður skapast hættu á að innihald textans komist ekki til skila og því er mjög mikilvægt að nemendur fái næg tækifæri til að þjálfast lestur með alla þætti í huga. Þetta á við um alla nemendur í grunnskóla óháð aldri en mikilvægt er að gert sé ráð fyrir lesfimikennslu í skóla og að þjálfun fari ekki eingöngu fram heima.

Lesskilningur

Lesskilningur er mikilvægur og góður málskilningur er forsenda árangurs í öllu námi. Unnið er með lesskilning og áhersla lögð á að vekja nemendur til umhugsunar um innihald og merkingu texta. Áhersla er á að lesinn texti gefur upplýsingar um hvernig hægt er að brjóta texta niður og skilgreina þannig að skilningur aukist á rituðu máli.

Nemendur taka próf úr ólesnum texta í 3. til 8. bekk, lesskilningsprófin Orðarún. Önnur próf eru einnig notuð til að kanna færni í lesskilningi. Prófin sem notuð eru til að kanna lesskilning eru hugsuð sem skimunarpróf og á að vinna markvisst með niðurstöður þeirra

Lestrarlag

Lesfimi er færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hrynrænum þáttum tungumálsins. Saman styðja allir þessir þættir að auknum lesskilningi. Lesfimi birtist í sjálfvirkum og fyrirhafnarlausum lestri og er mikilvæg við radd- og hljóðlestur. Lestrarlag nemenda er mikilvægur hluti lesfiminna. Nemandi sem er með gott vald á lestrinum les með eðlilegu hljómfalli og áherslum og nýtir sér greinamerki. Lestrarlag er einnig vísbendingum um lesskilning því til að geta lesið texta með réttum áherslum og túlkun þarf skilningur að vera til staðar. Í Álfhólsskóla er lögð áhersla á að nemendur fái góða framsagnar þjálfun strax í á yngsta stigi og er lögð áhersla á að allir nemendur, sem hafa forsendur til, þjálfast með sér gott lestrarlag. Gott lestrarlag er þjálfað með ýmsum hætti, t.d. samlestri, leiklestri, ljóðalestri o.fl.

Til þess að meta lestrarlag lesa nemendur aldursamsvarandi texta, t.d. úr lestrarbókum, sem hann hefur fengið tækifæri til að æfa sig á. Kennari styðst við matsramma um lestrarlag frá MMS. Sjá viðauka 4. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat í þessu ferli. Matskvarðinn er notaður reglulega yfir skólaárið svo nemandinn geti fylgst með framförum sínum.

Skrift og ritun

Rannsóknir sýna að lestur, skrift, málfræði, stafsetning og ritun eru samverkandi þættir sem styðja hvern annan og þarf að þjálfa samhliða. Því meira sem nemendur skrifa því færari verða þeir. Ritun snýst um það að miðla upplýsingum. Með tilkomu spjaldtölva er möguleiki á ritun á rafrænu formi að aukast. Mikilvægt er að nemendur hafi margar ólíkar leiðir til ritunar.

Ritunar- og skriftarkennsla

Skrift

Skrift er mikilvæg og hjálpar börnum á byrjunarstigi lestrarnáms við að tengja saman réttan bókstaf og hljóð. Að skrifa þjálfar fínhyringar, skerpir hugsun við hugmyndavinnu og getur hjálpað við að koma orðum að hlutum o.fl. Skrift er því alls ekki á undanhaldi þrátt fyrir aukna rafræna vinnu nemenda með tilkomu spjaldtölva. Gjarnan heyrast raddir um að skrift sé að verða úrelt en ekki má gleyma að skrift getur eflt margs konar færni. Útbúinir hafa verið gátlistar fyrir kennara og nemendur vegna vinnubragða í skrift. Gátlistarnir eru til að samræma kröfur sem gerðar eru til skriflegrar vinnu nemenda. Góð, skrifleg vinnubrögð létta á vinnsluminni nemenda og auðvelda nám. Kennarar fara yfir gátlistana að hausti með nemendum svo þeir geti nýtt sér þá við alla skriflega vinnu. Gátlista má finna í viðauka 2.

Stafastuð

Stafastuð er kennsluaðferð sem miðar að því að kenna nemendum ritun algengra orðmynda utanbókar án skírskotunar til stafsetningarreglna. Hæfilegur utanbókarlærdómur er þörf heilaleikfimi og aðferðin hefur yfirfærslugildi fyrir nemendur við áframhaldandi rétttritunarnám. Aðferðin er einkum ætluð nemendum á yngsta stigi og er hún ekki hugsuð sem meginaðferð ritunarkennslu heldur aðferð sem hægt er að nýta tímabundið og við sjálfstæða vinnu nemenda.

Skapandi skrif

Skapandi skrif er kennsluaðferð sem miðar að því að nemendur geti unnið á skapandi hátt í ritun og notað myndræna túlkun samhliða. Þeir öðlist færni í að gera hugtakakort, semja texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn og ljóð. Mikilvægt er að nemendur fái þjálfun í uppbyggingu texta með upphafi, meginmáli og niðurlagi og geti nýtt sér stafsetningarreglur.

Skimanir og próf

Tilgangur skimana/prófa er að fá upplýsingar um stöðu nemenda og að veita þjónustu í samræmi við niðurstöður sem skimanirnar/prófin gefa. Niðurstöður eru notaðar markvisst til að bæta kennslu og efla nemendur. Það er á ábyrgð umsjónar- og faggreinakennara í íslensku að mæta þörfum nemenda sem sýna slaka frammistöðu en stoðþjónusta aðstoðar kennara með þá nemendur sem sýna mjög slaka frammistöðu.

Yfirlit yfir próf og skimanir

Mat á lestri – lesferill

Lesferill er heiti á matstæki sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunnar í samstarfi við aðra sérfræðinga stofnunarinnar. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Ætlunin er að Lesferill spanni frá þriggja aldri til 16 ára aldurs. Ýmist er um stöðupróf eða skimanir að ræða. Haustið 2018 eru fjögur próf tilbúin til notkunar, allt próf sem snúa að umskráningu eða sjálfri lestrartækninni. Hér er um að ræða lesfimiþróf, sem má segja að séu grunnprófin, síðan eru það svonefnd hliðarpróf, sem meta þætti sem allir tengjast eða hafa áhrif á lestrartæknina. Hliðarprófin eru próf í sjónrænum orðaforða og próf í orðleysulestri og nefnuhraðapróf. Viðbragðsáætlun vegna niðurstaðna lesfimiþrófa má finna í viðauka 1.

Orðarún – lesskilningsmat

Orðarún, mat á lesskilningi, eru stöðluð lesskilningspróf sem Menntamálastofnun gefur út. Matið er staðlað fyrir 3.- 8. bekk og eru niðurstöður notaðar til að skoða stöðu árganga og einstaklinga, meta kennslu og þörf fyrir íhlutun. Matið er lagt fyrir snemma á hvorri önn til að nægur tími sé til íhlutunar. Skipulag íhlutunar er í höndum umsjónar- og íslenskukennara.

Logos – lesgreining

Logos lesgreiningar eru lagðar fyrir alla nemendur í 3.bekk auk þess sem þær eru almennt lagðar fyrir nemendur sem skora undir viðmiðum í lesfimi og/eða lesskilningi í 6. og 9.bekk. Tilgangur þessara skimana er að finna nemendur sem eru í áhættuhópi vegna lestrarerfiðleika. Stafsetningaskimanir eru lagðar fram samhliða LOGOS greiningarprófinu. Mikilvægt er að niðurstöður prófana séu nýttar til að bæta læsiskennslu og veita nemendum aðstoð við hæfi. Með þessari vinnu skapast meiri skilningur og réttari sýn á stöðu nemenda hjá kennurum sem og foreldrum.

Upplýsingar og endurgjöf

Mikilvægt er að foreldrar og nemendur séu upplýstir um tímasetningar skimana og fái greinargóð og skýr skil á niðurstöðum sérstaklega í ljósi þess að gerð er krafa á að foreldrar aðstoði börn sín ef þau þurfa á íhlutun að halda. Endurgjöf til foreldra er almennt í höndum umsjónarkennara en deildarstjóri sérkennslu kemur í sumum tilvikum að úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.

Samræmd könnunarpróf

Menntamálastofnun sér um framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 9. bekk samkvæmt reglugerð nr. 435/2009 og samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Í 4. og 7. bekk er prófað í íslensku og stærðfræði. Í 9. bekk er prófað í íslensku, ensku og stærðfræði.

Íslenska sem annað mál

Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan bakgrunn hvað varðar nám, menningu og tungumál. Þeir hafa mismikla undirstöðu í eigin tungumáli, læsi og námi og eru því misjafnlega undirbúnir að takast á við nýtt tungumál í nýju og framandi umhverfi. Þeir hafa einnig verið mislengi á Íslandi og fengið ólík tækifæri til að kynna íslenskri tungu. Námsgreinin íslenska sem annað tungumál er því ekki einungis tungumálakennsla. Saman fara markmið þar sem leitast er við að þjálfa nemendur í íslensku máli sem og menningarfærni og með því stuðla að félagslegri vellíðan nemandans. Þau fela í sér að nýja tungumálið sé lykill að íslensku, og verði þannig brúarsmíði að lýðræðislegu samfélagi, íslensku skólasterfi, íslensku atvinnuumhverfi og brúni þar af leiðandi ólíka menningarheima.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn. Þessir nemendur hafa því misjafnar forsendur til að takast á við nám í íslenskum skólum. Þeir koma í skólann með mismikla undirstöðu í sínu eigin móðurmáli, læsi og námi og eru misjafnlega í stakk búnir til að takast á við almennt nám svo og íslensku sem annað mál. Með móðurmálskennslu er verið að brúa bilið milli málþroska í móðurmáli og íslensku. Málumhverfi barns hefur mikil áhrif á máltöku, hvort sem um er að ræða móðurmál eða seinna mál. Traust undirstaða í móðurmáli er forsenda færni í seinni málum. Gott vald á eigin móðurmáli er forsenda þess að nemendur geti tileinkað sé nýja tungumálið af öryggi. Foreldrar eru hvattir til að vinna með barninu á móðurmáli sínu kenna barninu að lesa á því m.a. með því að afla lestrarbóka, myndbanda og tónlistar svo eitthvað sé nefnt.

Móðurmál og brúarsmíði í hnotskurn:

- Barn sem elst upp við tvö tungumál lærir fljótt talmál meirihlutans.
- Tungumálið sjálft er grundvöllur gerða og hugsana (sjá nánar í skrifum t.d. Vygotsky, Dewey).
- Tungumál, menning og nám eru órjúfanlega tengd.
- Öll börn ættu því að hafa mannréttindi til að fá að læra og viðhalda móðurmáli sínu.
- Móðurmálið er grundvöllur frekara náms hugsana og félagsmótunar.
- Mikilvægt að nemendur geti tjáð sig á sínu móðurmáli.
- Tvítýngdir kennarar.
- Kennsla í nýja málinu og á móðurmálinu.
- Samþætting og yfirfærsla.

Tímafjöldi nemenda með aðstoð kennara í íslensku sem annað mál fer eftir því hvar þeir eru staddir. Unnin er einstaklingsáætlun fyrir alla nemendur sem stunda nám í íslensku sem annað mál. Gengið er út frá námslegri getu og færni hvers og eins. Auk þess er brýnt að taka tillit til menningarlegs bakgrunns þar sem hann hefur oft mikið að segja varðandi færni og getu nemandans til að takast á við nýja málið, nokkuð sem er oft og tíðum erfitt í byrjun og þá sérstaklega ef nemendur eru ekki læsir á móðurmálinu. Símat er á hæfni nemandans þar sem staða er tekin jöfnum höndum og gerð ný áætlun ef þurfa þykir.

Forsendur og grunnur til tungumálanáms er mismikill og getan einnig. Stefnt er að því að með tímanum fylgi nemendur árganginum sínum í öllum tímum, án stuðnings, nema um fimm til sjö tíma á viku þar sem þeir fá aðstoð frá kennara í íslensku sem annað mál.

Deildarstjóri sérúrræða og kennarar í íslensku sem annað mál fylgjast með framförum nemenda og ákveða með hliðsjón af mati og í samráði við foreldra og umsjónarkennara hvenær íslensku námi með stuðningi lýkur. Kennurum stendur til boða að sækja sér leiðsögn og aðstoð hjá kennsluráðgjafa á vegum menntasviðs Kópavogsbæjar sem sérhæfir sig í kennslu nemenda af erlendu bergi brotnu, eftir þörfum.

Námfús börn

Öll börn eiga rétt á einstaklingsmiðuðu námi. Lagt er upp með að öll kennsla í Álfhólsskóla taki mið af getubreiðum hópum og að námfúsum/bráðgerum nemendum jafnt sem nemendur með örðugleika í námi sé mætt með viðeigandi hætti.

Íhlutun

Mat á stöðu nemenda er grundvöllur þess að beita öflugri og árangursríkri lestrarkennslu. Markviss viðbrögð geta skipt sköpum í námi barna og þurfa að eiga sér stað um leið og grunur vaknar um erfiðleika í lestrarnáminu. Í kjölfar skimunarprófa er áriðandi að foreldrar séu upplýstir um gengi barna sinna.

Umsjónarkennarar og sérkennarar skipuleggja kennslu sína miðað við niðurstöður skimunar og stöðumats í lestri. Ef nemendur mælast undir viðmiði í skimunarprófi er það á ábyrgð umsjónarkennara/sérkennara að sjá til þess að nemandinn fái íhlutun við hæfi.

Nemendur sem falla undir óvissu eða hugsanlega hættu á vandkvæðum við lestrarnámið þarf að gefa sérstakan gaum þó þeir falli, að svo stöddu, ekki undir víðtæk inngrip. Mikilvægt er að umsjónarkennari geri viðbragðsáætlun fyrir einstaka nemendur eða hópa ef svo ber undir. Viðbragðsáætlun er skilað til deildarstjóra. Umsjónarkennari getur leitað ráða hjá sérkennara, en næstu skref gætu m.a. verið:

- Að skipta árganginum/hópnum upp í hópa eftir námsþörfum.
- Að bjóða nemanda og foreldrum lestrarátak heima fyrir.
- Að hafa lestrarátak í árganginum/hópnum.
- Að nemandinn fái aukna lestraraðstoð og þjálfun í skólanum.
- Að aðlagja námsefnið betur að þörfum nemandans.

Í slíkri viðbragðsáætlun er áriðandi að tilgreina þau markmið sem unnið er að, leiðir að markmiðum, hvaða tímabil sé undir og hvenær skuli leggja fyrir nýtt endurmat. Slík áætlun er ávallt unnin í samvinnu við foreldra en virkt samstarf við heimilin er vænlegast til árangurs.

Skimunarpróf og viðbragðsáætlanir árganga

1.bekkur			
MATSTÆKI	Lesfimi	Stafakönnun	Orðleysur og sjónrænn orðaforði
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Málskilningur og orðaforði. Bókstafa- og hljóðabekking. Hljóðkerfisvitund.	Hljóðið, málið, tákn og stafabekking.	Ritháttalestur, tenging hljóða og stafa.
<i>Tímasetning</i>	September, janúar, maí	September, febrúar	Janúar, maí
<i>Þátttaka</i>	Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til.	Nemendur á eða undir viðmiði 1.	Nemendur á eða undir viðmiði 1.
<i>Fyrirlögn</i>	Umsjónarkennari/sérkennari	Umsjónarkennari/sérkennari	Umsjónarkennari/sérkennari
<i>Viðbragðsáætlun ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</i>	Formlegt lestrarnám rétt að byrja. Kennari fylgist með framvindu í lestri og stöðu almenns þroska hjá nemendum sínum. Lögð áhersla á daglegan lestur heima og í skólanum. Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Formlegt lestrarnám rétt að byrja. Kennari fylgist með framvindu í lestri og stöðu almenns þroska hjá nemendum sínum. Lögð áhersla á daglegan lestur heima og í skólanum. Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður.	Formlegt lestrarnám rétt að byrja. Kennari fylgist með framvindu í lestri og stöðu almenns þroska hjá nemendum sínum. Lögð áhersla á daglegan lestur heima og í skólanum. Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður.
<i>Lestrarkennsla</i>	Fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir, lestur upphátt í skóla flesta daga, heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, lestrarvænt umhverfi, lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennara og annað starfsfólk.		

2.bekkur

MATSTÆKI	Lesferill	Stafakönnun	Orðleysur og sjónrænn orðaforði
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Málskilningur og orðaforði. Bókstafa- og hljóðabekking. Hljóðkerfisvitund.	Hljóðið, málið, tákn og stafabekking.	Ritháttalestur, tenging hljóða og stafa.
<i>Tímasetning</i>	September, janúar, maí	September, janúar	Janúar, maí
<i>Þátttaka</i>	Allir nemendur árgangsins.	Nemendur á eða undir viðmiði 1.	Nemendur á eða undir viðmiði 1.
<i>Fyrirlögn</i>	Umsjónarkennari/sérkennari	Umsjónarkennari/sérkennari	Umsjónarkennari/sérkennari
<i>Viðbragðsáætlun ef nemandi viku frá aldursviðmiðum</i>	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður.	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður.
<i>Lestrarkennsla</i>	Fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir, lestur upphátt í skóla flesta daga, heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, lestrarvænt umhverfi, lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennara og annað starfsfólk.		

3.bekkur

MATSTÆKI	Lesferill	Orðarún 3	Logos
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Málkilningur og orðaforði. Bókstafa- og hljóðabekking. Hljóðkerfisvitund.	Hljóðið, málið, tákn og stafabekking.	Ritháttalestur, tenging hljóða og stafa.
<i>Tímasetning</i>	September, janúar, maí	Janúar, maí	Október
<i>Þátttaka</i>	Allir nemendur árgangsins.	Allir nemendur árgangsins.	Allir nemendur árgangsins.
<i>Fyrirlögn</i>	Umsjónarkennari/sérkennari	Umsjónarkennari/sérkennari	Sérkennari með réttindi
<i>Viðbragðsáætlun ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</i>	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Nemendur sem fá færri en 12 stig í prófi 1 eða 10 stig í prófi 2 fá sértæka íhlutunarefni og/eða kennslu við hæfi. Athuga þarf nánar lestrarfærni eða málþroska nemenda sem fá undir 8 stigum.	Nemendur sem falla undir 15.hundraðsröð í hraða eða færni fá íhlutunarefni við hæfi. Foreldrar fá ráðgjöf um áhersluþætti í kennslu og þjálfun.
<i>Lestrarkennsla</i>	Fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir, lestur upphátt í skóla flesta daga, heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, lestrarvænt umhverfi, lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennara og annað starfsfólk.		

4.bekkur

MATSTÆKI	Lesferill	Orðarún 4	Samræmd próf
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Málskilningur og orðaforði. Bókstafa- og hljóðabekking. Hljóðkerfisvitund.	Hljóðið, málið, tákn og stafabekking.	Lesskilningur, málnotkun.
<i>Tímasetning</i>	September, janúar, maí	Janúar, maí	September/október
<i>Þátttaka</i>	Allir nemendur árgangsins.	Allir nemendur árgangsins.	Allir nemendur árgangsins.
<i>Fyrirlögn</i>	Umsjónarkennari/sérkennari	Umsjónarkennari/sérkennari	Umsjónarkennari/sérkennari
<i>Viðbragðsáætlun ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</i>	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Kennarar og stjórnendur rýna í niðurstöður. Kennarar gera áætlun um íhlutun fyrir nemendur sem falla undir 20. eða yfir 90. hundraðsröð í ákveðnum þáttum. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.
<i>Lestrarkennsla</i>	Fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir, lestur upphátt í skóla flesta daga, heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, lestrarvænt umhverfi, lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennara og annað starfsfólk.		

5.bekkur

MATSTÆKI	Lesferill	Orðarún 5	Stafsetning*
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Málskilningur og orðaforði. Bókstafa- og hljóðaþekking. Hljóðkerfisvitund.	Hljóðið, málið, tákn og stafþekking.	Stafsetning
<i>Tímasetning</i>	September, janúar, maí.	Janúar, maí	Október
<i>Þátttaka</i>	Allir nemendur árgangsins.	Allir nemendur árgangsins.	Allir nemendur árgangsins.
<i>Fyrirlögn</i>	Umsjónarkennari/sérkennari.	Umsjónarkennari/sérkennari	Umsjónarkennari/sérkennari.
<i>Viðbragðsáætlun ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</i>	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Nemendum sem falla undir 15.hundraðsröðun er vísað í frekari lestrargreiningu.
<i>Lestrarkennsla</i>	Fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir, lestur upphátt í skóla flesta daga, heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, lestrarvænt umhverfi, lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennara og annað starfsfólk..		

*Stafsetningarpróf MMS eru í vinnslu

6.bekkur

MATSTÆKI	Lesferill	Orðarún 6	Logos	Stafsetning*
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Málskilningur og orðaforði. Bókstafa- og hljóðabekking. Hljóðkerfisvitund.	Hljóðið, málið, tákn og stafabekking.	Ritháttalestur, tenging hljóða og stafa.	Stafsetning
<i>Tímasetning</i>	September, janúar, maí.	Janúar, maí	Október	Október
<i>Þátttaka</i>	Allir nemendur árgangsins.	Allir nemendur árgangsins.	Nemendur undir viðmiði 1 og/eða með færri en 8 stig í Orðarún	Allir nemendur árgangsins
<i>Fyrirlögn</i>	Umsjónarkennari/sérkennari.	Umsjónarkennari/sérkennari	Sérkennari með réttindi.	Umsjónarkennari/sérkennari.
<i>Viðbragðsáætlun ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</i>	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður.	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Nemendum sem falla undir 15.hundraðsröðun er vísað í frekari lestrargreiningu.
<i>Lestrarkennsla</i>	Fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir, lestur upphátt í skóla flesta daga, heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, lestrarvænt umhverfi, lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennara og annað starfsfólk.			

*Stafsetningarpróf MMS eru í vinnslu

7.bekkur

MATSTÆKI	Lesferill	Orðarún 7	Samræmd próf	Stafsetning*
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Málkilningur og orðaforði. Bókstafa- og hljóðabekking. Hljóðkerfisvitund.	Hljóðið, málið, tákn og stafabekking.	Lesskilningur, málfræði og orðaforði	Stafsetning
<i>Tímasetning</i>	September, janúar, maí.	Janúar, maí	September/október	Október
<i>Þátttaka</i>	Allir nemendur árgangsins.	Allir nemendur árgangsins.	Allir nemendur árgangsins.	Allir nemendur árgangsins.
<i>Fyrirlögn</i>	Umsjónarkennari/sérkennari.	Umsjónarkennari/sérkennari	Umsjónarkennari/sérkennari	Umsjónarkennari/sérkennari.
<i>Viðbragðsáætlun ef nemandi viku frá aldursviðmiðum</i>	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Kennarar og stjórnendur rýna í niðurstöður. Kennarar gera áætlun um íhlutun fyrir nemendur sem falla undir 15. eða yfir 90. hundraðsröð í ákveðnum þáttum. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Nemendum sem falla undir 15.hundraðsröðun er vísað í frekari lestrargreiningu.
<i>Lestrarkennsla</i>	Fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir, lestur upphátt í skóla flesta daga, heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, lestrarvænt umhverfi, lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennara og annað starfsfólk.			

*Stafsetningarpróf MMS eru í vinnslu

8 .bekkur

MATSTÆKI	Lesferill	Orðarún 8
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Málskilningur og orðaforði. Bókstafa- og hljóðabekking. Hljóðkerfisvitund.	Hljóðið, málið, tákn og stafabekking.
<i>Tímasetning</i>	September, janúar, maí.	Janúar, maí
<i>Þátttaka</i>	Allir nemendur árgangsins.	Allir nemendur árgangsins.
<i>Fyrirlögn</i>	Umsjónarkennari/sérkennari.	Umsjónarkennari/sérkennari
<i>Viðbragðsáætlun ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</i>	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.
<i>Lestrarkennsla</i>	Fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir, lestur upphátt í skóla flesta daga, heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, lestrarvænt umhverfi, lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennara og annað starfsfólk.	

9. bekkur

MATSTÆKI	Lesferill	Logos	Samræmd próf
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Málskilningur og orðaforði. Bókstafa- og hljóðabekking. Hljóðkerfisvitund.	Ritháttalestur, tenging hljóða og stafa.	Lesskilningur, málfræði og orðaforði
<i>Tímasetning</i>	September, janúar, maí.	Október	September/október
<i>Þátttaka</i>	Allir nemendur árgangsins.	Nemendur undir viðmiði 1 og/eða með færri en 8 stig í Orðarún	Allir nemendur árgangsins.
<i>Fyrirlögn</i>	Umsjónarkennari/sérkennari.	Sérkennari með réttindi.	Umsjónarkennari/sérkennari
<i>Viðbragðsáætlun ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</i>	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður.	Kennarar og stjórnendur rýna í niðurstöður. Kennarar gera áætlun um íhlutun fyrir nemendur sem falla undir 15. eða yfir 90. hundraðsröð í ákveðnum þáttum. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.
<i>Lestrarkennsla</i>	Fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir, lestur upphátt í skóla flesta daga, heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, lestrarvænt umhverfi, lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennara og annað starfsfólk.		

10. bekkur

MATSTÆKI	Lesferill
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Málskilningur og orðaforði. Bókstafa- og hljóðaþekking. Hljóðkerfisvitund.
<i>Tímasetning</i>	September, janúar, maí.
<i>Þátttaka</i>	Allir nemendur árgangsins.
<i>Fyrirlögn</i>	Umsjónarkennari/sérkennari.
<i>Viðbragðsáætlun ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</i>	Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.
<i>Lestrarkennsla</i>	Fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir, lestur upphátt í skóla flesta daga, heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, lestrarvænt umhverfi, lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennara og annað starfsfólk.

Lestrarmenning

Afstaða til læsis endurspeglast í lestrarmenningu samfélagsins og eitt mikilvægasta samvinnuverkefni skóla og heimila er að skapa lestrarmenningu sem ýtir undir jákvætt viðhorf til lestrar. Sumir nemendur á efri stigum hafa átt í erfiðleikum með að koma auga á mikilvægi lestrar þar sem tilgang og samhengi hefur vantað. Skortur á skilningi nemenda um mikilvægi læsis hefur m.a. birst í slælegum vinnubrögðum við lausn verkefna á lesskilningsprófum og gildir þá einu á hvaða stigi nemandinn hefur verið. Það hlýtur því að vera ákaflega mikilvægt að kennarar og stjórnendur leitist við að gera læsisnámið merkingarbært með því að búa til vettvang þar sem læsi er markvisst notað, bæði til náms og sköpunar. Skólabókasöfn eru kjörin vettvangur til að efla læsismenningu nemenda. Í Álfhólsskóla er lögð áhersla á að vera með bókakost sem höfðar til grunnskólanemenda.

Þættir í lestrarmenningu Álfhólsskóla

Að læra að lesa

Samvinna heimila og skóla er mjög mikilvæg í lestrarnámi barna. Lestrarþjálfun þarf að fara fram heima og í skóla. Ekki má gleyma mikilvægi fordæmis foreldra þegar kemur að lestri og góð lestrarmenning getur átt ríkan þátt í að gera nemendur að áhugasömum lesurum fyrir lífstíð.

Yndislestur

Yndislestur gengur út á að nemendur lesi sér til ánægju í um 20 mínútur á dag. Markmiðið með reglulegum yndislestri er að nemendur auki lestrarhvöt sína og áhuga á lestri og bókum almennt.

Á yngsta- og miðstigi fer yndislestur nemenda fram daglega og á unglingsstigi í íslenskutímum.

Nestislestur

Nestislestur er eins og nafnið gefur til kynna lestur sem fram fer í nestistíma nemenda þar sem kennarar lesa fyrir nemendur. Auk þeirra notalegu gæðastunda sem fylgja nestislestri lifnar frásögnin við með lifandi lestri kennarans og oftast en ekki fá nemendur áhuga á að lesa fleiri bækur um sömu sögupersónur eða eftir sama höfund. Nestislestur er því mjög mikilvægur liður í því að efla lestrarmenningu skólans.

Lstrarvinir

Lstrarvinir er verkefni þar sem lestur og bækur tengja saman yngri og eldri nemendur. Nemendur hittast nokkrum sinnum á skólaárinu og lesa saman og vinna verkefni sem tengjast viðburðum í skólanum. Einnig fara grunnskólanemendur í heimsókn í leikskóla í nágrenninu og lesa fyrir leikskólabörn.

Sumarlestur

Bókasafn Kópavogs hefur árlega efnt til sumarlestrar og kynnt verkefnið í grunnskólum bæjarins á vorin. Skólinn hefur hvatt nemendur til að taka þátt í verkefninu en því lýkur um það leyti sem skólar hefjast.

Stóra upplestrarkeppnin

Álfhólsskóli tekur árlega þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Upplestrarkeppnin er ekki "keppni" í neinum venjulegum skilningi heldur þróunarverkefni. Höfuðáherslan er lögð á bekkjarstarfið og að allir nemendur njóti góðs af. Keppnin er haldin að frumkvæði áhugafólks um íslenskt mál í samvinnu við skólaskrifstofur, skóla og kennara. Þátttaka í upplestrarkeppninni stendur öllum 7. bekkjum landsins til boða. Keppnin hefst á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember ár hvert og lýkur í mars. Markmið keppinnar er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Það eru nemendur í 7. bekk sem taka þátt í keppninni en fyrst er keppt á heimavelli og svo við aðra skóla við hátíðlega athöfn.

Litla upplestrarkeppnin

Álfhólsskóli tekur einnig þátt í þróunarverkefninu Litla upplestrarkeppnin í 4.bekk. Litla upplestrarkeppnin byggir á sömu hugmyndafræði og Stóra upplestrarkeppnin þar sem ávallt er haft að leiðarljósi að keppa að betri árangri í lestri, munnlegri tjáningu og framkomu. Megináhersla er lögð á virðingu og vandvirkni, allir nemendur eru með í liðinu, allir koma fram á lokahátíð og allir fá viðurkenningarskjal í lokin. Áríðandi er að hafa í huga að ekki er um samkeppni við aðra að ræða en sjálfan sig þar sem nemendur keppa að betri árangri í lestri og framkomu í dag en í gær.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti/2011

Brown, A. L. og Palincsar, A. S. (1985). *Reciprocal Teaching of Comprehension Strategies: A Natural History of One Program for Enhancing Learning. Technical Report Nr. 334*. Urbana: University of Illinois Center for the Study of Reading.

Galloway, A. M. (2003). *Improving reading comprehension through metacognitive strategy instruction: Evaluating the evidence for the effectiveness of the reciprocal teaching procedure*. Lincoln: ETD collection for University of Nebraska.

Hattie, J. (2009). *Visible learning*. Oxford, UK: Routledge.

Harris, A., og Jones, Michelle. (2010). *Professional Learning Communities in Action*, London: Leannta PRESS.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

NRP. (2000). *Teaching children to read: An evidence-based assessment of the scientific research literature on reading and its implications for reading instruction*. Washington, DC: National Institute of Child Health and Human Development.

Kópavogsbær. (2016). *Stefna Kópavogsbæjar um mál og lestur*. Sótt af:
<https://www.kopavogur.is/static/files/Menntasvid/lestarstefnan14februar.pdf>

Rosenshine, B. og Meister, C. (1994). Reciprocal Teaching: A Review of the Research. *Review of Educational Research*, 64(4), 479-530. Sótt af:
<http://www.jstor.org/stable/1170585>.


Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir, Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur B. Snorradóttir. (2010). *Leið til læsis: stuðningskerfi í lestrarkennslu*. Ráðstefnurit Netlu Menntakvika. Sótt af:
<http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/028.pdf>.


Walpole, S. og McKenna, M. C. (2007). *Differentiated reading instruction: strategies for the primary grades*. New York: Guilford Press.


Viðauki 1: Viðbrögð vegna niðurstaðna lesfimiþrófa


	Lesfimi	Orðleysur	Sjónr. orðaforði	Stafakönnun
1.bekkur				
September	X			*
Janúar	X	X	X	X*
Maí	X	X*	X*	X*
2.bekkur				
September	X	X*	X*	X*
Janúar	X	X*	X*	X*
Maí	X	X*	X*	
3.bekkur				
September	X	X*	X*	
Janúar	X	X*	X*	
Maí	X	X*	X*	
4.bekkur				
September	X	X*	X*	
Janúar	X	X*	X*	
Maí	X	X*	X*	
5.-10.bekkur				
September	X	X*	X*	
Janúar	X	X*	X*	
Maí	X	X*	X*	


*Ef nemandi mælist á eða undir viðmiði 1 í lesfimi














Viðauki 2: Matslisti fyrir skrift Sjálfsmat í skrift

Færni	Ég hef náð fullkomnum tókum á þessu.	Þetta er alveg að koma hjá mér.	Ég þarf að æfa mig betur.
Ég skrifa hægra megin á opnu stílabókar.			
Ég er með rétta vinstri spássíu.			
Ég skrifa tengiskrift.			
Ég skrifa læsilega.			
Ég geri brodda og depla yfir stöfum.			
Ég nota strokleður ef þarf.			
Ég hef blýantinn minn alltaf vel yddaðan eða nota skrúfblýant.			
Lágstafirnir mínir eru í réttri hæð.			
Hástafirnir mínir eru í réttri hæð.			
Ég skrifa stóran staf við upphaf málsgreina.			
Ég lýk málsgreinum með punkti, spurningamerki eða upphrópunarmerki eftir því sem á við.			
Ég skrifa stóran staf í sérnöfnum.			

Kvittun kennara: _____

Dags. _____

Kennaramat í skrift

Færni	Þú hefur náð fullkomnum tókum á þessu.	Þú ert á góðri leið.	Þú þarft að æfa þig betur.
Nemandinn skrifar hægra megin á opnu stílabókar.			
Nemandinn er með rétta vinstri spássíu.			
Nemandinn skrifar tengiskrift.			
Nemandinn skrifar læsilega.			
Nemandinn gerir brodda og depla yfir stöfum.			
Nemandinn notar strokleður ef þarf.			
Nemandinn hefur blýantinn alltaf vel yddaðan eða notar skrúfblýant.			
Lágstafirnir eru í réttri hæð.			
Hástafirnir eru í réttri hæð.			
Stór stafur við upphaf málsgreina.			
Nemandinn lýkur málsgreinum með punkti, spurningamerki eða upphrópunarkerki eftir því sem á við.			
Stór stafur í sérnöfnum.			

Kvittun nemanda: _____

Dags. _____

Skrift - Matskvarði

Færni	Kennaramat			Sjálfsmat		
	Fullkomin tók	Á góðri leið	Þarfnast þjálfunar	Fullkomin tók	Á góðri leið	Þarfnast þjálfunar
Nemandinn skrifar hægra megin á opnu stílabókar.						
Nemandinn er með rétta vinstri spássíu.						
Nemandinn skrifar tengiskrift.						
Nemandinn skrifar læsilega.						
Nemandinn gerir brodda og depla yfir stöfum.						
Nemandinn notar strokleður ef þarf.						
Nemandinn hefur blýantinn alltaf vel yddaðan eða notar skrúfblýant.						
Lágstafirnir eru í réttri hæð.						
Hástafirnir eru í réttri hæð.						
Stór stafur við upphaf málsgreina.						
Nemandinn lýkur málsgreinum með punkti, spurningamerki eða upphröpunarmerki eftir því sem á við.						
Stór stafur í sérnöfnum.						

Viðauki 3: Lesfimiviðmið Menntamálastofnunnar

Tafla 1. Maí-viðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

<i>Aldur nemenda</i>	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Viðmiðin eru birt sem rétt lesin orð á mínútu en jafnframt fylgir hér samsvarandi tafla með rétt lesnum atkvæðum á mínútu. Sú tafla verður eingöngu notuð tímabundið og er hún hugsuð fyrir kennara og foreldra til að átta sig betur á fyrir hvað þessar tölur standa.

Viðauki 4: Matsrammi fyrir lestrarlag

Vídd	1	2	3	4
A. Tjáning og raddstyrkur	Les með líttli tjáningu eða innlifun í röddinni. Les orðin að því er virðist til þess eins að koma þeim frá sér. Lítið næmi fyrir því að láta textann hljóma eins og venjulegt talmál. Hefur tilhneigingu til þess að lesa lágum rómi.	Nokkur tjáning. Notar röddina stundum til að láta textann hljóma eins og talmál en ekki alltaf. Athygli lesandans er þó fyrst og fremst á því að koma orðunum frá sér. Les enn fremur lágum rómi.	Lesturinn hljómar oftast eins og eðlilegt talmál. Nemandinn dettur einstaka sinnum niður í tjáningarlausan lestur. Raddstyrkur er yfirleitt hæfilegur.	Les textann með góðri tjáningu og innlifun. Lestur hljómar eins og eðlilegt talmál. Lesandinn er fær um að beita tjáningu og raddstyrk í takti við túlkun sína á textanum
B. Hendingar	Eintóna lestur, lítil tilfinning fyrir upphafi og endi hendinga. Les oft orð fyrir orð.	Les textann að mestu í tveggja til þriggja orða hendingum, svo hann hljómar skrykkjóttur og flæði rofnar. Óviðeigandi áherslur og hljómfall sem verður til þess að ekki tekst að gefa til kynna lok setninga eða setningarhluta.	Blanda af óslitnum lestri, hiki í miðri setningu til öndunar, stundum skrykkjóttum lestri og sæmilegum áherslum og hljómfalli.	Hendingar að mestu leyti góðar. Yfirhöfuð góð hrynjandi og rétt hljómfall. Tjáning er góð.
C. Flæði	Tíð hlé sem dragast á langinn, hik, byrjað upp á nýtt, lestur fjarar út, endurtekningar og/eða margar tilraunir gerðar til að hefja lesturinn.	Nokkrir „erfiðir kaflar“ í textanum sem einkennast af löngum hléum, hiki o.fl. sem hefur truflandi áhrif.	Einstaka rof í flæði vegna erfiðra orða og/eða forms texta.	Almennt gott flæði í lestrinum með fáeinum hléum en auðveldlega leyst úr erfiðleikum tengdum orðum eða formi texta, yfirleitt með því að nemandi leiðréttir sig sjálfur.
D. Hraði	Hægur og áreynslumikill lestur.	Frekar hægur lestur.	Óregla í hraða lesturs þar sem hraður og hægur lestur skiptast á.	Stöðugur talmálshraði á lestrinum.

Þýtt með leyfi Timothy V. Rasinski, 2017

Styðstu við kvarðann við mat á lesfimi á eftirfarandi þáttum: Tjáning og raddstyrkur, hendingar, flæði og hraði. Stigagjöf er á bilinu 4 til 16 stig. Almennt er ástæða til þess að huga nánar að stöðu nemenda sem eru með færri en átta stig. Átta stig eða fleiri benda til þess að lestrarlag nemandans sé á réttri leið.

Leiðbeiningar með notkun matsrammans

Athugið að þennan matsramma á að nota þegar nemandi les aldurssamsvarandi texta t.d. úr lestrarbók en ekki með lesfimiþrófatextunum.

Lestrarlag

Lesfimi er færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hrynrænum þáttum tungumálsins en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Hún birtist í sjálfvirkum fyrirhafnarlausum lestri í viðeigandi hendingum og með réttu hljómfalli. Lesfimi er mikilvæg við raddlestur og hljóðlestur.

Lestrarlag nemandans er mikilvægur hluti lesfimimatsins. Nemandi sem hefur gott vald á lestrinum les með eðlilegu hljómfalli og áherslum og nýtir sér greinarmerki til þess. Lestrarlag er viss vísbending um skilning því til að geta lesið texta með réttum áherslum og túlkun þarf skilningur að vera til staðar.

Leiðbeiningar fyrir kennara:

- Matsrammann þarf að kynna vel fyrir nemendum og foreldrum.
- Lestrarlag er metið þegar nemandi les aldurssamsvarandi texta sem hann hefur fengið tækifæri til að æfa sig á.
- Leiðsagnarmat er nauðsynlegt í ferlinu.
- Auðvelt er að nota matsrammann og hvatt er til notkunar hans reglulega yfir skólaárið.
- Eftir að hafa hlustað á nemanda lesa valinn texta upphátt, merkir kennari í þann reit sem best lýsir heildarniðurstöðu nemandans. Stigagjöfin er á bilinu 4 til 16 stig. Átta stig eða fleiri benda til þess að lestrarlag nemandans sé á leið í rétta átt.

Leiðbeiningar fyrir nemendur og foreldra:

- Skoðið vel þá þætti sem metnir eru.
- Ræðið hvar nemandinn getur hugsanlega bætt sig.
- Æfið upplesturinn heima.
- Foreldrar geta líka æft sig á textanum og nemendur æft sig í að meta.